



## Betra aðgengi að stöðlum Niðurstöður rýnihóps

Landstaðlastofnanir Íslands, Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar standa sameiginlega að verkefni um staðla og aðgengi að stöðlum. Á Íslandi er verkefnið unnið í samvinnu Staðlaráðs og Samtaka iðnaðarins undir heitinu „Betra aðgengi að stöðlum“.

**Markmið verkefnisins er að auðvelda litlum og meðalstórum fyrirtækjum (LMF) notkun staðla og aðgengi að stöðlum.**

Meðfylgjandi er listi yfir spurningar sem teknar voru til umræðu á fundi með fulltrúum frá völdum fyrirtækjum sem nota staðla í daglegu starfi.

Umræða fundarins og sjónarmið þátttakenda eru hér tekin saman í heildarniðurstöðu þar sem spurningar hafa verið dregnar saman í fimm atriði og mynda yfirsýn á niðurstöðuna.

Eftirfarandi spurningar voru lagðar fyrir fundarmenn:

1. Hvað er mikilvægast í sambandi við þjónustu Staðlaráðs út frá þörfum þíns fyrirtækis?
2. Sérðu einhverja ónýtta möguleika sem fyrirtæki og Samtök iðnaðarins eiga til að bæta aðgengi fyrirtækjanna að stöðlum og þjónustu Staðlaráðs?
3. Hvernig þjálfun/námskeið myndu nýtast fyrirtæki þínu best við að tileinka sér notkun staðla?
4. Hvers konar upplýsingar/ráðgjöf um notkun staðla kæmu fyrirtæki þínu að mestum notum?
5. Getur þú sagt stutta reynslusögu af notkun staðla í fyrirtæki þínu eða hver reynsla fyrirtækisins er almennt af notkun staðla?
6. Eiga vörur sem fyrirtæki þitt framleiðir að vera merktar CE-merkinu? Ef svo er, hvernig gengur fyrirtækinu að nota samhæfða staðla og að CE-merkja vörurnar?
7. Hvernig sérð þú fyrir þér þjónustu Staðlaráðs og aðgengi að stöðlum á næstu árum?



- 1. Hvað er mikilvægast í sambandi við þjónustu Staðlaráðs út frá þörfum þíns fyrirtækis?**
  - Staðlaráð sé upplýsingaveita með sérþekkingu og ráðgjöf um staðla.
  - Efla vitund fyrirtækja um Staðlaráð og þjónustu þess með kynningum.
  - Auka útgáfu leiðbeiningarita til að auðvelda notkun staðla.
  - Viðhalda góðri þjónustu og viðhalda skjótri þjónustu í afgreiðslu staðla.
  - Vöktun á staðlasafni fyrirtækja.
  - Vantar aukinn stuðning vegna CE-merkinga.
  - Vinnustaðanámskeið um staðla viðkomandi fyrirtækis.
  - Staðlaráð aðstoði við greiningu á staðlaþörf fyrirtækja og útvegum þeirra.
  - Auka og bæta rafrænt aðgengi að stöðlum.
  - Heimasvæði hjá Staðlaráði þar sem fyrirtæki geta gengið að sínum stöðlum.
- 2. Sérðu einhverja ónýtta möguleika sem fyrirtæki og Samtök iðnaðarins eiga til að bæta aðgengi fyrirtækjanna að stöðlum og þjónustu Staðlaráðs?**
  - Samstarf við Norðurlöndin og alþjóðleg fyrirtæki varðandi leiðbeiningar, námsfni og námskeið.
  - Vera upplýsingamiðstöð, þekkingarbrunnur sem hægt er að leita til eftir frekari upplýsingum um fagaðila sem geta hjálpað fyrirtækjum.
  - Tengslanet eða þekkingarbrunnur, sameina fólk sem hefur reynslu af notkun tiltekinna staðla.
- 3. Hvernig þjálfun/námskeið myndu nýtast fyrirtæki þínu best við að tileinka sér notkun staðla?**
  - On-line t.d. video um Staðlaráð, CE og ISO 9000 stutt kynning á efninu.
  - Ítarlegri námskeið nauðsynleg í vinnu við CE-merkingar.
  - Efla almenna kynningu á stöðlum í fyrirtækjum.
- 4. Getur þú sagt stutta reynslusögu af notkun staðla í fyrirtæki þínu eða hver reynsla fyrirtækisins er almennt af notkun staðla?**
  - Innleiðing á ISO 9001 borgar sig.
  - Skortur á læsi viðskiptavina á staðla, erfitt að tengja staðlana við raunveruleg verkefni.
  - Erfitt að útvega sérfræðiþekkingu á notkun einstakra staðla.
  - Reynsla almennt góð, staðlar hjálpa.
- 5. Eiga vörur sem fyrirtæki þitt framleiðir að vera merktar CE-merkinu? Ef svo er, hvernig gengur fyrirtækinu að nota samhæfða staðla og að CE-merkja vörunar?**
  - Gengur vel að CE-merkja.
  - CE umhverfið flókið og óskýrt, vantar ítarlegri námskeið og meiri upplýsingar.
  - Vantar upplýsingar um samhæfða staðla við tilteknar tilskipanir.



## **Pátttakendur:**

### **Krumma**

Hrafn Ingimundarson

### **Vélaverkstæði HE**

Einar S Hjaltason  
Einar Rögnvaldsson  
Haukur Herbertsson

### **Samey**

Haraldur Þorkelsson

### **Gagnavarslan**

Jónas Sigurðsson

### **Nimblegen (Roche)**

Harpa Arnardóttir

### **Sýni**

Snorri Þórisson

### **Aðrir mættir:**

#### **Frá Staðlaráði**

Arngrímur Blöndahl  
Anna Þóra Bragadóttir  
Arnhildur Arnaldsdóttir  
Hjörtur Hjartarson

#### **Frá Samtökum iðnaðarins**

Davíð Lúðvíksson